

Nýjir keppnisflokkar ÍSS frá og með keppnistímabilinu 2017-2018

Frá og með keppnistímabilinu 2017-2018 mun Skautasamband Íslands (ÍSS) taka upp breytt keppniskerfi innan listskauta í stað þriggja flokka kerfis (A, B og C) eins og verið hefur. Keppniskerfinu er skipt upp í tvær leiðir: **Keppniskerfi ÍSS og Keppniskerfi félaganna**.

Með breytingunni munu allir keppnisflokkar Alþjóðskautasambandsins (ISU) hafa verið innleiddir í íslenskt keppniskerfi. Ætlunin er einnig að með nýrri nafngift flokkanna muni hvatning aukast þar sem hún felur ekki í sér mismunun iðkenda í A, B og C flokka.

Keppnisflokkar ÍSS verða eftirfarandi:

Nýjir keppnisflokkar	Eldri keppnisflokkar
Chicks – 8 ára og yngri	8 ára og yngri A + 8 ára og yngri B
Cubs – 10 ára og yngri	10 ára og yngri A + 10 ára og yngri B
Basic Novice A – 10-12 ára	12 ára og yngri A + 12 ára og yngri B
Basic Novice B – 13-17 ára	Novice B + Junior B
Advanced Novice – 10-14 ára	Novice A
Junior – 13-18 ára	Junior A
Senior – 15 ára og eldri	Senior A
Adult – 18 ára og eldri	Senior B

Eftirfarandi eru ISU flokkar: Basic Novice A, Basic Novice B, Advanced Novice, Junior og Senior. Keppnisreglur þær sömu og reglur ISU.

ÍSS keppnisflokkar aðrir en ISU flokkar: Cubs, Debs og Adult. Keppnisreglur Cubs og Debs eru þær sömu og venjan er erlendis.

Bónusstig

Bónusstig munu verða tekin upp en þau tíðkast erlendis m.a. í Svíþjóð og Kanada og eru þáttur í að hvetja skautara til að reyna við erfiðari stökk umfram lágmarkskröfur og færa okkur nær því að vera samkeppnishæf á keppnum á erlendri grundu.

Keppnisflokkar félaganna verða eftirfarandi:

Nýjir keppnisflokkar	Eldri keppnisflokkar
8 ára og yngri	8 ára og yngri C
10 ára og yngri	10 ára og yngri C
12 ára og yngri	12 ára og yngri C
Novice – Stúlknaflökkur / Drengjaflokkur	Novice C
Junior – Unglingaflokkur	Junior C
Senior – Fullorðinsflokkur	Senior C

Samþykkt af stjórn ÍSS 28. maí 2017

Guðbjört Erlendsdóttir